

Alþingi

Erindi nr. E 140/19/12

komudagur 20.4.2012

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10


150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

b/t stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

Hagsmunasamtök
Heimilanna

Stöðum vörð um heimilin sem grunnstað samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Frakkastíg 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 20. apríl 2012

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 535. mál, tillögu til þingsályktunar á 140. löggjafarþingi

Um skipun rannsóknarnefndar til að skoða starfshætti forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Seðlabanka Íslands

Hagsmunasamtök heimilanna styðja heilshugar þingsályktunartillögu um rannsókn á starfsháttum forsætis-, fjármála-, efnahags- og viðskiptaráðuneyta, ásamt Seðlabanka Íslands í aðdraganda bankahrunsins. Samtökin telja þó enga sérstaka ástæðu til að takmarka rannsóknina við þessar stofnanir eingöngu eða tímabilið við árslok 2011, enda fari því fjarri að öll kurl hafi verið til grafar borin um úrlausn eftirmála fjármálahrunsins. Því til stuðnings má nefna málefni er varða uppgjör mála vegna gengistryggðra lána og þá réttaróvissu sem enn er uppi.

Í þingsályktunartillögunni er lögð sérstök áhersla á að rannsaka ákvarðanir og samskipti milli ráðuneytanna þriggja, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Samtökin telja hins vegar ekki síður tilefni til rannsókna á samskiptum þessara aðila og ákvarðanatöku út á við, til dæmis gagnvart fjármálastofnunum og öðrum einkareknum fyrirtækjum hér á landi, erlendum kröfuhöfum, ríkjum, seðlabönkum og stjórnvöldum þeirra, auk fjölþjóðastofnana á borð við Evrópusambandið, evrópska seðlabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, o.fl.

Samtökin hafa ítrekað krafist upplýsinga um forsendur og aðferðir við verðmat lánasafna vegna yfirfærslu þeirra frá föllnum fjármálafyrirtækjum yfir til nýrra. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands „Greinargerð um afföll íbúðalána við stofnun nýju bankanna og kostnað við niðurfærslu lána“ (C11:08) er fullyrt að afskriftasvigrúm hafi þegar verið fullnýtt, um leið og viðurkennt er að sú fullyrðing hafi í raun ekki verið staðreynd eftir áreiðanlegum frumheimildum. Samtökin telja slík vinnubrögð í fræðastörfum á háskólastigi í hæsta máta vafasöm, og því brýnt að frumheimildir verði gerðar opinberar þannig að trúverðug óháð rannsókn á þeim geti farið fram.

Samtökin sendu þann 6. febrúar síðastliðinn fyrirspurn til Fjármálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir umræddum gögnum og upplýsingum, en ráðuneytið vísaði erindinu til Fjármálaeftirlitsins. Þann 3. apríl síðastliðinn sendi Fjármálaeftirlitið samtökunum svarbréf þar sem aðgangi að umbeðnum gögnum er hafnað með þeim rökum að þau innihaldi ekki umbeðnar upplýsingar. Þannig lítur stofnunin framhjá því að beiðni samtakanna snýr bæði að umræddum gögnum burtséð frá því hvað þau innhalda, sem og hverjum öðrum gögnum sem innihalda eða kunni að innihalda umbeðnar upplýsingar, burtséð frá því hvaða gögn það séu nákvæmlega. Telja samtökin undanbrögð stofnunarinnar bera vott um tilhneingingu til sniðgöngu opinberrar upplýsingaskyldu.

Samtökin mælast til þess að jafnframt rannsókn samkvæmt tillögunni verði öll gögn um verðmat á lánasöfnum gerð opinber, að persónugreinanlegum upplýsingum afmáðum eftir því sem við á. Þar með talda skýrslur Deloitte LLP, Deloitte á Íslandi og Oliver Wyman, en auk þeirra hverjar aðrar skýrslur og matsgerðir sem gerðar hafa verið eða kunna að hafa verið gerðar í tengslum við verðmat og uppgjör vegna yfirfærslu og úrvinnslu lánasafna fallinna fjármálafyrirtækja.

f.h. Hagsmunasamtaka Heimilanna



Sigrún E. Egilsdóttir
starfsmaður stjórnar



Guðmundur Ásgeirsson
ritari stjórnar


Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti
Arnarhvoli
150 Reykjavík

b.t. Oddnýjar G. Harðardóttur, fjármálaráðherra

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Frakkastíg 27, húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk.

Reykjavík, 6. febrúar 2012

Efni: Ósk um að ráðherra veiti aðgang að upplýsingum um samninga er varða yfirfærslu lánasafna frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (HHÍ) birti nýverið „Greinargerð um afföll íbúðalána við stofnun nýju bankanna og kostnað við niðurfærslu lána“, en tilgangurinn með skýrslunni var að eyða óvissunni um svigrúm bankanna til niðurfærslu lána út frá þeim afslætti sem þeir fengu af lánasöfnum við yfirfærslu frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Fullyrt er í skýrslunni að umræddur afsláttur sé uppurinn hjá bönkunum án þess að það hafi verið staðreynt með staðfestum gögnum. Skýrslan varðar því ríka almannahagsmuni og meta samtökin það sem svo að nauðsynlegt sé að birta raunveruleg gögn til að eyða óvissunni þar sem um verulega forsendu er að ræða í niðurstöðu skýrslunnar.

Nánar tiltekið er beðið um eftirfarandi upplýsingar:

1. Afsláttur sem veittur var lánasöfnunum einstaklinga.
2. Á hvaða virði lánasöfnin voru færð yfir og hvert var nafnverð og bókfært verð þeirra.
3. Samningar milli kröfuhafa bankanna.

Beinir hagsmunir lántakanda eru í húfi þar sem lánin voru yfirfærð með afslætti en hækkuðu hjá lántakendum og hækkunir má rekja að miklu leyti til markaðsmisnotkunar sem bankarnir stunduðu.

Í skýrslunni kemur fram að fulltrúar HHÍ hafi ekki fengið aðgang að raungögnum um yfirfærslu lánasafnanna frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju, og bera þeir fyrir sig bankaleynd í því samhengi: „Vegna bankaleyndar hafði Hagfræðistofnun ekki aðgang að þessum sömu gögnum heldur byggist þessi greinargerð að langmestu leyti á opinberum upplýsingum.“ (bls. 11).

Í Upplýsingalögum (nr. 50 frá 24. maí 1994) segir:

II. kafli. Almennur aðgangur að upplýsingum.

3. gr. *Upplýsingaréttur.*

[Stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr. Stjórnvöldum er þó ekki skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 7. gr.]1)

Réttur til aðgangs að gögnum nær til:

1. allra skjala sem mál varða, þar með talinna endurrita af bréfum sem stjórnvald hefur sent, enda megi ætla að það hafi borist viðtakanda;
2. allra annarra gagna sem mál varða, svo sem teikninga, uppdrátta, korta, mynda, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu;
3. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málgögn.

Stjórnvöldum er heimilt að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en kveðið er á um í þessum kafla, nema fyrir mæli laga um þagnarskyldu standi því í vegi.

5. grein laganna fjallar um bankaleynd en þar segir:

5. gr. *Takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna.*

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Hagsmunasamtök heimilanna telja það óumdeilt að í þessu tilfelli að efni 5. gr eigi ekki við þar samningar milli gömlu og nýju bankanna innihalda ekki persónugreinanlegar eða fyrirtækjagreinanalegar upplýsingar.

Vilja samtökin í þessu sambandi vísa til ummæla fjármálaráðherra á Alþingi frá 30.01.2012 *“En hvað varðar endurreisn bankakerfisins hef ég þá trú að þar sé ekkert sem ekki þoli skoðun og mér finnst sjálfsagt og eðlilegt, ef þar ríkir einhver tortryggni, að það ferli verði allt saman skoðað aftur á bak og áfram. ”*

Samtökin óska því eftir því að fjármálaráðherra afhendi, birti opinberlega eða veiti samtökunum aðgang að gögnum sem innihalda upplýsingar um þá samninga er varða yfirfærslu lánasafna frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju, bókfært verð, nafnverð og yfirfærsluverð og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að greina tilurð og afdrif þess afsláttar sem veittur var við yfirfærslu lánasafna heimilanna í nýju bankana, þar með taldar skýrslur Deloitte LLP, Deloitte á Íslandi og Oliver Wyman.

Virðingarfyllst,
F.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Andrea J. Ólafs., formaður stjórnar

Fylgiskjal II.



Hagsmunasamtök heimilanna
Andrea J. Ólafsdóttir
Frakkastíg 27
101 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 22. mars 2012
Tilv.: FJR12020035/1.10

Efni: Beiðni um upplýsingar varðandi yfirlýsingu á lánasöfnum.

Þann 8. febrúar 2012 barst fjármálaráðuneytinu erindi frá Hagsmunasamtökum Heimilanna, þar sem óskað er eftir nánar tilgreindum upplýsingum er tengjast yfirlýsingu á lánasöfnum frá gömlu viðskiptaböndunum til Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans.

I. Uppgjör vegna lánasafna.

Í fyrsta lið erindisins er óskað eftir upplýsingum um afslátt „sem veittur var [af] lánasöfnum einstaklinga“ og í öðrum lið er farið fram á upplýsingar um á hvaða virði lánasöfn vegna lána til einstaklinga voru færð yfir og hvert hafi verið nafnverð og bókfært verð þeirra.

Af erindinu má ráða að hér sé átt við það eignamat sem stuðst var við vegna yfirlýsingu lánasafna til nýju bankanna í samningum nýju bankanna þriggja um uppgjör við gömlu bankanna, vegna yfirtækinnna eigna og skulda í kjölfar ákvarðana Fjármálaeftirlitsins (FME) frá í október 2008 á grundvelli laga nr. 125/2008 (neyðarlögunum). Lýtur beiðnin þannig að verðmati eigna sem yfirlýsðar voru, eins og þær voru skráðar hjá gömlu böndunum og ákvörðuðu endurgjaldi til gömlu bankanna fyrir þær.

Með neyðarlögunum var FME veitt heimild til að ráðstafa eignum föllnu bankanna. Með hliðsjón af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar var nauðsynlegt að fullt gjald kæmi fyrir slíka eignayfirlýsingu. Varð því að semja um greiðslu hvers hinna nýju banka til þeirra gömlu fyrir yfirlýsðar nettóeignir. Rammasamningar (e. Heads of Terms) náðust milli ríkisins, viðkomandi skilanefnda og nýju bankanna, varðandi mat á eignum og um uppgjör vegna yfirlýsingu eigna og skulda, í júlí árið 2009 að því er varðar Arion banka og Íslandsbanka og í október sama ár að því er varðar Landsbankann. Á grundvelli þeirra var samið um endurgjald fyrir nettóeignir sem færðust yfir til nýju bankanna, í samræmi við ákvæði laga nr. 125/2008 og ákvarðanir FME, sem kváðu á um að nýju bankarnir skyldu greiða endurgjald til föllnu bankanna, sem endurspegla skyldi sannvirði eigna og skulda sem ráðstafað var.

Kveðið var á um virði lána sem flutt voru á milli gömlu og nýju bankanna í samningum um uppgjör milli viðkomandi fyrirtækja. Að því er varðar Landsbankann og Landsbanka Íslands eru ákvæði um uppgjör að finna í rammasamningi og samningi um útgáfu skuldabréfa (Framework and Bond Issuance Agreement). Íslenska ríkið er aðili að ákveðnum þáttum í þeim samningi, sem tengjast útgáfu skuldabréfa og hlutabréfa, en ekki að þeim hluta samningsins sem varðar endurgjald fyrir

lánasöfn. Að því er varðar Kaupþing og Arion banka er kveðið á um uppgjör í samningi um vörslu og skilyrt virðisréttindi (Escrow and Contingent Value Rights Agreement), sem íslenska ríkið á ekki aðild að. Að því er varðar Glitni og Íslandsbanka er kveðið á um uppgjör í samningi um útgáfu skuldabréfa (Bond Issuance Agreement), sem íslenska ríkið á ekki aðild að.

Með vísan til þess að stjórnvöld eru ekki aðilar að samkomulögum um uppgjör á milli gömlu og nýju bankanna falla þau ekki undir gildissvið 1. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, og teljast ekki til stjórnslu ríkisins. Af þeim sökum getur ráðuneytið ekki orðið við beiðni samtakanna um aðgang að upplýsingum varðandi endurgjald fyrir lánasöfn einstaklinga sem færð voru á milli gömlu og nýju bankanna. Hins vegar telur ráðuneytið rétt að nefna eftirfarandi, vegna tilvísunar til þess að veittur hafi verið afsláttur í samningunum:

Með ákvörðunum FME um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka, Kaupþings og Landsbanka Íslands, í október 2008, var völdum eignum gömlu bankanna ráðstafað til nýrra fjármálafyrirtækja sem urðu eigendur þeirra eigna, þ.m.t. ýmissa lánasafna, sem fluttar voru yfir. Líkt og m.a. kemur fram í svari efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn á Alþingi þann 16. nóvember 2011 (þskj. 224 – 4. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011) varð um þriðjungur húsnæðislána bankanna eftir í gömlu bönkunum við hrun bankakerfisins í október 2008. Um þau lán var því ekki fjallað í nefndum samningum milli gömlu og nýju bankanna. Einnig kemur fram í svarinu að þau húsnæðislán sem færð voru yfir voru að meðaltali keypt á 72% af kröfuvirði, þ.e. miðað við bráðabirgða efnahagsreikninga nýju bankanna þriggja, sem birtir voru á vef FME þann 14. nóvember 2008.

Í samræmi við ákvarðanir FME voru óháðir aðilar fengnir til að meta verðmæti eigna og skuldbindinga sem yfirfæraðar voru. Á grundvelli þess mats fóru fyrirnefnd uppgör fram milli nýju bankanna og föllu bankanna, vegna þeirra eigna og skuldbindinga sem fluttar voru yfir. Veigamesti hluti þeirra eigna sem yfirfærðar voru til nýju bankanna voru útlán til innlendra aðila. Í matinu var þessum útlánnum skipt í þrjá meginflokka: (i) lán til stórra fyrirtækja, (ii) lán til smárra og meðalstórra fyrirtækja og (iii) lán til einstaklinga. Stærri fyrirtæki voru metin hvert fyrir sig en minni fyrirtæki og einstaklingar mynduðu einsleita hópa þar sem matið byggðist á úrtaki og ákveðnum forsendum um lánaflökkana. Niðurstaða matsins gaf til kynna á hvaða bili endurheimtanleg útlán bankanna voru talin liggja. Líkt og fram hefur komið voru sum lán metin án affalla af nafnvirði, önnur með 100% afföllum, en flest einhvers staðar þar á milli. Höfuðstóll lánanna var ekki lækkaður samfara matinu, því um var að ræða mat á því hversu líklegar endurheimtur væru. Fyrir liggur að verðgildi húsnæðislána var hlutfallslega hærra en meðaltalsverðgildi lánasafna, enda voru í útlánasöfnum m.a. útlán til eignarhaldsfélaga þar sem meta varð afskriftarþörfina 100%, þ.e. að ekkert fengist greitt.

Á grundvelli matsins var samið um nettókröfur vegna eigna og skuldbindinga sem fluttar voru frá gömlu bönkunum, samtals um 289 ma.kr. og til viðbótar var um að ræða skilyrtar kröfur eða skilyrtar viðbótargreiðslur, samtals um 215 ma.kr. Hækkanir á verðmæti eigna umfram grunnmati myndu þannig renna til gömlu bankanna í formi verðmætaaukningar skilyrtra skuldabréfa. Þetta var í samræmi við skuldbindingar stjórnvalda og nýju bankanna til að tryggja að mismunur yfirfærðra eigna og skulda yrði bættur. Við yfirtöku gömlu bankanna á eignarhlutum í nýju bönkunum lækkaði hins vegar hámark skilyrtra greiðslna í 135 ma.kr. og var þannig samið um að hækkanir á verðmæti eigna umfram grunnmat myndu renna til gömlu bankanna í formi verðmætaaukningar hlutabréfa, frekar en með hækkunum skilyrtra skuldabréfa. Uppgjörskröfum gömlu bankanna var þannig umbreytt í hlutafé í hinum nýju bönkunum. Með þessu lækkaði nauðsynlegt eiginfjárframlag ríkisins til bankanna umtalsvert.

Þannig var í reynd um að ræða mat á afskriftarþörf sem byggðist annars vegar á varfærnu grunnmati og hins vegar á mögulegum hækkunum umfram grunnmatið. Líkt og m.a. kemur fram í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna var markmið ríkisins og nýju bankanna að semja um lágt grunnmat á eignum sem gæti mögulega hækkað síðar eftir því sem óvissan um raunverulegt verðmæti lánasafnanna minnkaði. Með yfirtöku gömlu bankanna á stórum eignarhluta í þeim nýju lækkaði sem fyrr segir hámark skilyrtra greiðslna en jafnframt lækkaði þáttur ríkisins í

stofnfjármögnun nýju bankanna.

Hvað varðar upplýsingar um nafnverð og bókfært verð allra lána til einstaklinga sem færð voru yfir til nýju bankanna með ákvörðunum FME, vísar ráðuneytið til þess sem birt hefur verið opinberlega, m.a. af Seðlabanka Íslands, um heildarútlán banka til heimila. Í því sambandi má jafnframt vísa til þess sem fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ, dags. 21. janúar 2012. Á bls. 10 í skýrslunni kemur fram að bókfært virði gengisbundinna íbúðalána sem voru flutt með afföllum yfir í nýju bankana hafi numið 48,1 ma.kr. í september 2008 en 36,8 ma.kr. í október s.á., en fyrir verðtryggð íbúðalán hafi bókfært virði numið 218,6 ma.kr. í september og 153,7 ma.kr. í október 2008.

Samkvæmt þessu var nafnvirði umræddra íbúðalána, þ.e. skráð verð í september 2008, tæplega 267 ma.kr. en bókfært verð í október 2008 rúmlega 190 ma.kr.

II. Aðgangur að samningum.

Í þriðja lið erindisins er óskað eftir aðgangi að samningum „milli kröfuhafa bankanna“.

Fjármálaráðuneytinu er ekki kunnugt um samninga sem kröfuhafar íslenskra banka kunna að hafa gert sín á milli og er ekki aðili að slíkum samningum.

Ef átt er við samninga ríkisins við gömlu bankana þrjá, þ.e. þáverandi stærstu kröfuhafa nýju bankanna, getur ráðuneytið upplýst að í samningum um fjármögnun nýju bankanna í kjölfar ákvarðana Fjármálaeftirlitsins frá október 2008 er kveðið á um tiltekna skiptingu á fjármögnun eiginfjárþáttar hinna nýju banka. Sú skipting var í samræmi við niðurstöður verðmats á yfirfærðum eignum og skuldum og á grundvelli samningaviðræðna um skuldaskil og uppgjör við þá aðila sem í raun áttu stærstan hluta allra verðmæta í nýju bönkunum. Eignarhlutföll í nýju bönkunum á grundvelli samninganna byggðu þannig á raunverulegum eignarhlutföllum ríkisins annars vegar og kröfuhafa nýju bankanna hins vegar, miðað við eignir í nýju bönkunum og það fjármagn sem aðilar lögðu til þeirra. Ríkissjóður lagði nýju bönkunum til hlutafé og vijkandi lán. Í tilviki Arion banka og Íslandsbanka áttu gömlu bankarnir auk þess möguleika á því að breyta kröfum sínum í hlutafé, sem þeir báðir gerðu.

Umræddir samningar um eignarhlutföll í nýju bönkunum byggðu samkvæmt þessu á því verðmati sem fjallað var um hér að framan. Þær upplýsingar sem fram koma í samningunum varða mikilvæg viðskipta- og fjárhagsmálefni lögaðila sem ætla má að séu til þess fallnar að valda viðkomandi lögaðilum tjóni verði aðgangur veittur að þeim. Stjórnvöldum er óheimilt að veita aðgang að slíkum upplýsingum skv. 5. gr. upplýsingalaga og ber ráðuneytinu því að hafna beiðni yðar þar að lútandi.

III. Aðgangur að gögnum varðandi mat á eignum.

Í erindinu er ennfremur óskað eftir aðgangi að gögnum um mat á eignum, þ.m.t. skýrslum Deloitte og Oliver Wyman.

Þau verðmöt sem notast var við í samningum um uppgjör og endurgjald fyrir yfirteknar eignir voru unnin að beiðni FME og hefur ráðuneytið framsent FME beiðni yðar um aðgang að þeim, með bréfi dags. 6. mars 2012. Afrit bréfsins var sent Hagsmunasamtökunum.


Að lokum telur fjármálaráðuneytið rétt að ítreka að réttarstaða þeirra sem tekið höfðu lán hjá hinum föllnu bönkum breyttist ekki með ráðstöfun FME á kröfum til hinna nýju banka, samningum um fjárhagslegt uppgjör vegna þeirra ráðstafana eða með tengingu á endurgjaldi til gömlu bankanna við eignarhald þeirra að þeim nýju. Stjórnvöld hafa kappkostað að upplýsingar um endurreisn viðskiptabankanna séu aðgengilegar að því marki sem slíkur aðgangur er ekki takmarkaður lögum samkvæmt, t.a.m. vegna verndaðra viðskiptahagsmuna viðkomandi fyrirtækja.

Með vísan til þess að í erindi yðar er óskað eftir upplýsingum sem varpa ljósi á „tilurð og afdrif þess afsláttar sem veittur var við yfirfærslu lánasafna heimilanna“ bendir ráðuneytið á þær upplýsingar sem

birtar hafa verið um með hvaða hætti umrædd yfirlýsing átti sér stað. Einkum er vísað þar til skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn bankakerfisins frá mars 2011 sem aðgengileg er á vef Alþingis og athugasemda um yfirlýsingu lána milli gömlu og nýju bankanna sem birtar voru á vef ráðuneytisins þann 31. janúar 2012.

Fyrir hönd ráðherra


Hafdis Ólafsdóttir


Haraldur Steinþórsson



Hagsmunasamtök heimilanna
b.t. Andreu Jóhönnu Ólafsdóttur
Álfheimum 21
104 REYKJAVÍK

3. apríl 2012

Tilvísun: 2012030017/11.5

Beiðni um aðgang að gögnum

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs Hagsmunasamtaka heimilanna, dags. 6. febrúar 2012, til fjármálaráðuneytisins. Með vísan til upplýsingalaga nr. 50/1994 óska samtökin eftir aðgangi að upplýsingum um samninga er varða yfirfærslu lánasafna frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Óska þau eftir upplýsingum um:

1. þann afslátt sem veittur var af lánasöfnum eintaklinga,
2. á hvaða virði lánasöfnin voru færð yfir og hvert var nafnverð og bókfært verð þeirra og
3. samninga milli kröfuhafa bankanna

Í lok bréfsins óska samtökin eftir að fjármálaráðherra afhendi, birti opinberlega eða veiti samtökunum aðgang að gögnum sem innihalda upplýsingar um þá samninga er varða yfirfærslu lánasafna frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju, bókfært verð, nafnverð og yfirfærsluverð og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að greina tilurð og afdrif þess afsláttar sem veittur var við yfirfærslu lánasafna heimilanna í nýju bankanna, þar með taldar skýrslur Deloitte LLP, Deloitte á Íslandi og Oliver Wymans.

Með bréfi, dags. 6. mars 2012, framsendi fjármálaráðuneytið erindi samtakanna til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að því leyti sem það lýtur að gögnum um mat á eignum sem færðar voru yfir til nýju bankanna, með vísan til þess að umræddar matsgerðir voru unnar að beiðni Fjármálaeftirlitsins.

Þann 13. mars 2012 ritaði Fjármálaeftirlitið samtökunum bréf, þar sem greint var frá framsendingu erindis þeirra til eftirlitsins og að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um aðgang samtakanna að matsgerðunum yndi væntanlega liggja fyrir í lok mars mánaðar.

Þann 2. apríl 2012 hafði Fjármálaeftirlitið samband símleiðis við Andreu Jóhönnu Ólafsdóttur, formann Hagsmunasamtaka heimilanna og greindi frá því að þær verðmatsskýrslur sem Deloitte LLP hefði unnið fyrir Fjármálaeftirlitið hefðu ekki að geyma upplýsingar um endanlegt mat á verðmæti þeirra eigna sem færðar voru yfir til nýju bankanna þriggja, Nýja Landsbankans hf., Íslandsbanka hf. og Nýja Kaupþings hf. Fjármálaeftirlitið upplýsti Andreu Jóhönnu um að á vefsíðu eftirlitsins væri að finna upplýsingar um helstu forsendur og aðferðir sem unnið var eftir við verðmat á eignum og skuldum nýju bankanna. Einnig vakti Fjármálaeftirlitið athygli á upplýsingum á vef fjármálaráðuneytisins um samningagerðina og mat eigna í tengslum við stofnsetningu nýju bankanna.

Með hliðsjón af öllu framangreindu komust aðilar að samkomulagi um að upplýsingabeiðni



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY ICELAND


Hagsmunasamtaka heimilanna verði afgreidd með eftirfarandi hætti:

- Fjármálaeftirlitið veitir Hagsmunasamtökum heimilanna áður nefndar upplýsingar sem er að finna á vef Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins.
- Óski Hagsmunasamtök heimilanna eftir aðgangi að frekari gögnum eða upplýsingum um verðmattsskýrslurnar þá muni samtökin beina slíku erindi til Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðrún Finnborg Þóðardóttir


Guðlaug María Valdemarsdóttir

Meðfylgjandi er:

Frétt, sem birtist á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins þann 22. apríl 2009, undir yfirskriftinni "Fullnaðarniðurstöður verðmatts nýju bankanna liggja nú fyrir"

Frétt, sem birtist á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins þann 24. apríl 2009, undir yfirskriftinni "Lýsing á verðmattsferli eigna og skulda nýju bankanna"

"Yfirlit yfir mat á eignum og skuldum nýju bankanna", viðhengi með frétt samkvæmt lið 2 hér að framan

"Um yfirfærslu lána milli gömlu og nýju bankanna", umfjöllun á vef fjármálaráðuneytisins, dags. 31. janúar 2012

Fylgiskjal IIIa.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fullnaðarniðurstöður verðmats nýju bankanna liggja nú fyrir

22.4.2009

Deloitte LLP lauk í gær verðmati þeirra eigna sem fluttar voru út úr gömlu bönkunum til að mynda efnahag Nýja Kaupþings banka, NBI og Íslandsbanka. Oliver Wyman hefur í dag yfirfarið verðmatið fyrir hvern banka og uppfært úttekt sína. Verðmatsverkefninu er því lokið. Dreifing er jafnframt hafin á verðmatsskýrslunni til þátttakenda í samningaferlinu sem nú tekur við.

Unnið er að samantekt sem lýsir nánar verðmatinu, aðferðafræði við gerð þess og efnistöfum.

Nánari upplýsingar til fjölmiðla veitir Sigurður G. Valgeirsson, sgv@fme.is, s. 525 2700 eða gsm 840 3861.



Lýsing á verðmatsferli eigna og skulda nýju bankanna

24. 4. 2009

Fjármálaeftirlitið hefur tekið saman yfirlit yfir helstu forsendur og aðferðir sem unnið var eftir við verðmat á eignum og skuldum nýju bankanna. Samantektin er gerð til að setja verkefnið í rétt samhengi og útskýra sem best í hverju það felst.

Lýsinguna er að finna [hér](#).

Nánari upplýsingar til fjölmiðla veitir Sigurður G. Valgeirsson, sgv@fme.is, s. 525 2700 eða gsm 840 3861.

Yfirlit yfir mat á eignum og skuldum nýju bankanna

Forsaga: Í október árið 2008 stöðvaðist starfsemi þriggja stærstu banka á Íslandi, Landsbanka Íslands hf., Glitnis hf., og Kaupþings hf. Samtals námu heildareignir þessara þriggja banka á miðju ári 2008 um það bil tólfaldri landsframleiðslu Íslands. Til þess að koma í veg fyrir almennt hrun hagkerfisins gripu stjórnvöld til aðgerða og fluttu innlendar eignir og innlendar innlánskuldbindingar úr hverjum hinna föllnu banka („gömlu bönkunum“) í samsvarandi nýja innlenda banka („nýju bankana“), þ.e.a.s. NBI hf. (Nýja Landsbankann), Íslandsbanka hf. (Nýja Glitni) og Nýja Kaupþing. Þessar aðgerðir miðuðu að því að tryggja samfellda grunnbankastarfsemi á Íslandi.

Fenginn var óháður þriðji aðili til að hafa tilsjón með mati á þessum eignum og skuldbindingum fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins („FME“) sem fór í raun með stjórn bankanna fyrir hönd Íslenskra stjórnvalda. Alþjóðlegt ráðgjafarfyrtæki, Oliver Wyman, var valið til þess að gegna þessu hlutverki. Eftir umfangsmikinn undirbúning af hálfu FME og Oliver Wyman gerði FME samning, þann 24. desember 2008, við annan óháðan og sjálfstæðan aðila, Deloitte LLP (“Deloitte“) um framkvæmd matsins.

Hugtakið „gangvirði“: FME fól Deloitte að byggja mat sitt á hugtakinu „gangvirði“ (e. *fair value*): en skilgreining þess gerir ráð fyrir að nýju bankarnir „*haldi áfram starfsemi sem fullfjármagnaðir íslenskir bankar á innanlandsmarkaði og þurfi hvorki að losa eignir (eða gera upp skuldbindingar) í bráð né með nauðungarsölu*“. Að mati FME hefur þessi forsenda veruleg áhrif. Hún leiðir að líkindum ekki aðeins til þess að matið verður hærra en líklegt söluverð við núverandi markaðsaðstæður, heldur verður það einnig hærra en virði eignanna væri í höndum aðila sem hvorki getur endurfjármagnað nýju bankana né endurskipulagt þá sem fyrirtæki í fullum rekstri.

Aðferðir við mat: Mismunandi aðferðum var beitt við ólíkar eignir: (a) Lán til viðskiptavina – stærri fyrirtæki; (b) Lán til viðskiptavina – smærri eða meðalstór fyrirtæki („SMF“) og einstaklingslán („Smásala“); og (c) Aðrar eignir og skuldbindingar.

Helsti eignaflokkurinn er „Lán til viðskiptavina“ (sem sé flokkar (a) og (b) hér að ofan) en í þeim hópi eru lántakendur meðal stærri fyrirtækja og lántakar úr flokkunum SMF og Smásala. Heildarlán til viðskiptavina (þ.e.a.s. útistandandi skuldir þeirra, áður en tillit er tekið til afskriftarframlaga og leiðréttinga) nema meira en 80% af heildareignum í hverjum nýju bankanna fyrir sig. Lán til stærri fyrirtækja námu á bilinu 40%-70% af heildarútlánnum til viðskiptavina og u.þ.b. 55% -85% af fyrirtækjalánnum til viðskiptavina hjá öllum nýju bönkunum á stofndegi þeirra.

(a) *Lán til viðskiptavina – matsaðferðir við stærri fyrirtæki:* Deloitte rannsakaði ítarlega upplýsingar hvers banka varðandi stærri fyrirtæki. Samtals rannsakaði Deloitte meira en 130 hópa tengdra aðila og meira en 450 fyrirtæki sem tilheyrðu þessum hópum. Að teknu tilliti til þeirrar óvissu sem liggur í eðli slíks mats, áætlaði Deloitte *gangvirði* heildarútlánanna samkvæmt ofangreindri skilgreiningu. Sérstakur gaumur var gefinn að undirliggjandi tryggingum sem stóðu að baki heildarútlánunum. Tekið var tillit til rekstrarvirðis hvers fyrirtækis (e. *enterprise value*), sem og þess hvort fyrirtækinu hafði verið slitið eða slíkt í þann veginn að gerast.

(b) *Lán til viðskiptavina –SMF og einstaklingslán, aðferðafræði:* Lagt var mat á það hve mikið væri endurheimtanlegt af lánum til SMF og einstaklinga (að teknu tilliti til fasteignaveða) og í því stuðst við ýmsar forsendur, til dæmis meðalvanskil eftir atvinnugreinum, endurheimtuhlutfall eftir atvinnugreinum ef til vanskila kemur, vaxtagreiðslur og verðtryggingarákvæði. Þessar forsendur byggðust á skilgreiningu *gangvirðis*, á upplýsingum sem fengust frá nýju bönkunum og Seðlabankanum, og heimildum um fyrri bankakreppur. Deloitte gaumgæfði einnig næmi gagnvart þeim forsendum sem stuðst var við. Niðurstaða Deloitte gefur til kynna á hvaða bili endurheimtanleg útlán hvers banka eru talin liggja.

Huglæggar forsendur: Þegar virði er metið með þessum hætti er niðurstaðan háð nokkrum huglægum forsendum og stikum. Í þessu tilfalli er meðal annars um að ræða gengisþróun, afföll og spár um efnahagsþróun. Við ákvörðun á forsendunum var stuðst við greiningu fjölmargra aðila, innlendra og erlendra, á framtíðarhorfum í íslensku efnahagslífi. Tekið var tillit til reynslu af fyrri bankakreppum í mörgum löndum og þess gætt að styðjast við alþjóðlega viðurkenndar vinnuaðferðir við skilgreiningu og útfærslu á stikum.

Niðurstöður: Vegna þeirra neikvæðu efnahagshorfa sem gert er ráð fyrir við matsgerðina, er matið á *gangvirði* lægra en bókfært heildarvirði þessara eigna bankanna fyrir flutning þeirra. Á sama hátt leiðir það af ofangreindri skilgreiningu á *gangvirði* að ýmsar kringumstæður sem leiða myndu til enn lægra mats falla utan við svið greiningar Deloitte.

Skýrslugjöf: Niðurstöður úr mati Deloitte er að finna í þremur skýrslum, („matsskýrslunum“), einni fyrir hvern hinna nýju bankanna. Hver skýrsla skiptist í tvennt. Fyrri hlutinn tekur á almennri aðferðafræði, forsendum og meginreglum, þeim mismunandi kringumstæðum sem gert var ráð fyrir og næmi fyrir þeim. Þar er einnig að finna yfirlit yfir tölulegar niðurstöður og áætlað verðbil hreinna eigna, auk athugasemda þar sem það á við. Síðari hluti geymir nákvæma greiningu á hverju lánamáli fyrir sig og gögn sem styðja útreikninga og áætlanir. Samhliða vinnu Deloitte lagði Oliver Wyman mat á það hvort aðferðafræðin og beiting hennar stæðist samanburð við alþjóðlega viðurkennd vinnubrögð. Fjármálaeftirlitið álitur að aðferðafræði Deloitte standist slíkan samanburð og að ekki sé ástæða til að ætla annað um beitingu hennar.

Birting: Matsskýrslurnar hafa verið afhentar samningsaðilum þeim til stuðnings í viðræðum um bætur fyrir flutning eignanna. Hér er um að ræða fjármálaráðuneyti Íslenska ríkisins og nýju bankana annars vegar, og skilanevndir gömlu bankanna hinsvegar, ásamt erlendum ráðgjöfum þessara aðila. Einnig er gert ráð fyrir því að stærri hópur skilgreindra hagsmunaaðila geti fengið aðgang að fyrri hluta Deloitte skýrslanna og skýrslu Oliver Wyman.



Um yfirfærslu lána milli gömlu og nýju bankanna

31.1.2012

Að gefnu tilefni vegna umræðu um mat á þeim eignum (útlánunum) sem nýju bankarnir tóku við í október 2008, einkum í tengslum við nýútkomna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans, vill fjármálaráðuneytið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varða samningagerð og mat eigna í tengslum við stofnsetningu nýju bankanna:

1. Samkvæmt ákvörðunum FME á grundvelli Neyðarlaganna tóku nýju bankarnir þrír við innstæðuskuldbindingum hinna föllnu banka á Íslandi. Lögin kváðu á um að FME gæti „gegn mati“ ráðstafað eignum til nýju bankanna til að mæta þeim skuldbindingum. Þessar eignir voru meginhluti útlána til íslenskra aðila; fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í grófum dráttum var þetta rúmur fjórðungur af gamla bankakerfinu og taldi tugþúsundir lána af ýmsum toga.
2. Á þessum tíma ríkti óvissa um afdrif íslenska hagkerfisins og allt mat á greiðslugetu lántakenda og verðmæti trygginga óvissu háð. FME réð Deloitte til að meta virði yfirfærðu lánanna. Því verkefni lauk í apríl 2009. Að mati Deloitte ríkti mikil óvissa um verðmæti lánanna og skilaði fyrirtækið því ekki eignamati í einni tölu heldur verðbili þar sem munur lágsta virðis og þess hæsta nam nokkur hundruð milljörðum króna.
3. Á árinu 2009 var unnið af hálfu stjórnvalda að samningum um endanlegt virðismat á lánunum og stofnsetningu nýju bankanna. Innstæðuskuldbindingarnar sem nýju bankarnir höfðu tekið að sér námu um 1.440 ma.kr. Þær eignir sem þeir tóku yfir voru á endanum metnar á 1.760 ma.kr. og þurftu nýju bankarnir því að greiða þeim gömlu um 320 ma.kr. nettó, þ.e. mismuninn á eignavirðinu og yfirteknum innlánskuldbindingum. Þannig urðu efnahagsreikningar nýju bankanna til, en gríðarlega mikilvægt var í því óvissuástandi sem ríkti að eignamatið væri varfærið.
4. Of hátt eignamat hefði stefnt efnahag hinna nýstofnuðu banka og eiginfjárframlagi ríkissjóðs í hættu. Á endanum var því miðað við neðri mörk verðmats Deloitte. Í staðinn var gömlu bönkunum veitt hlutdeild í auknum verðmætum ef efnahagsþróun yrði hagstæðari en svartskýnni spár gerðu ráð fyrir. Ekki er ástæða til að fjalla nánar um útfærslurnar hér, en einungis tekið fram að lán til einstaklinga, þar með talið húsnæðislán, voru ekki hluti af þeim.
5. Matið á lánunum var varfærið en bókfært virði þeirra hafði verið um 4.000 ma.kr. og var sem áður segir lækkað í 1.760 ma.kr. Heildarafföllin námu því um 55% að meðaltali. Sum lán voru metin án affalla, önnur með 100% afföllum, en flest einhvers staðar þar á milli. Höfuðstóll lánanna var ekki lækkaður samfara matinu, því einfaldlega var verið að reyna að leggja mat á hversu líklegt gæti verið að þau greiddust til baka og einungis stærstu lánin voru metin hvert fyrir sig.
6. Erlendu lánin voru vandmeðfarin, en þau námu um 2/3 af útlánunum. Í fjárhæðum talið var stór hluti þeirra til eignarhaldsfélaga sem stofnuð höfðu verið um kaup hlutabréfa eða annarra eigna, þar sem vítað var að greiðslugeta var eftir bankahrunið lítil eða engin og takmarkað verðmæti trygginga var fyrir hendi. Höfuðstóll lánanna hafði jafnframt hækkað verulega vegna hruns íslensku krónunnar. Hins vegar var ljóst að útflutningsfyrirtæki nutu á vissan hátt góðs af veikingu krónunnar og að lán til þeirra væru ekki eins viðkvæm fyrir áföllum í efnahagslífinu.

7. Í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis um endurreisn bankakerfisins er vikið að þessu, einkum í ljósi þess að dómstólar höfðu eftir að samningum var lokið komist að því að gengistrygging töluverðs hluta lánanna hefði verið ólögmæt. Var því áleitinn sú spurning hvers vegna ekki hefði verið gert ráð fyrir því í mati á virði lánanna, beðið með samninga eða gerður sérstakur fyrirvari vegna þess. Af þessum sökum er í skýrslunni farið yfir þau rök sem voru fyrir því að gera það ekki. Er þar m.a. tiltekið að vegna hins lága mats á heildareignum ættu „áföll“ vegna ógildingar gengistryggingar að rúmast innan þess sem nýju bankarnir ættu að þola. Miðað við stöðu bankanna í dag bendir margoft til að þetta mat hafi verið rétt.

8. Í opinberri umræðu hefur tiltekið orðalag í skýrslu fjármálaráðherra um þetta atriði verið gripið á lofti og nýtt til þess að véfengja nýútkomna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans um svigrúm til afskrifta húsnæðislána. Í skýrslu ráðherrans segir í kafla 2.4.6.2.: „Um það leyti sem endanlega var gengið frá samningum við gömlu bankana heyrðust raddir um að gengistrygging lána kynni að vera ólögmæt. Það atriði var á þeim tíma umdeilt meðal lögfræðinga og algjörlega óraunhæft að meðhöndla öll slík lán sem ólögmæt í samningunum. Bent var á að öll gengistryggð lán hefðu verið afskrifuð um meira en helming við yfirlýsingu þeirra til nýju bankanna, engin greining hefði farið fram á lánskilmálum m.t.t. ólögmætis og þótt svo færi að hluti þeirra yrði metinn ógildur myndu ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 leiða til þess að upphaflegur höfuðstóll yrði framreiknaður með óverðtryggðum vöxtum“.

9. Í textanum er verið að lýsa þeim sjónarmiðum sem þurfti að taka tillit til við samningsgerðina. Augljóslega er verið að vekja athygli á þeirri staðreynd að útlánin voru að meðaltali metin minna virði en helmingur af bókfærðu virði. Sum þeirra voru metin lægra og önnur hærra. Það er rangt að álykta að hvert og eitt lán hafi verið afskrifað um sem nemur meira en 50% af bókfærðu virði. Eins og fram kemur undir lið 4 hér að framan er verið að vísa til þess að yfirlýsð útlánasöfn voru að meðaltali afskrifuð um meira en 50% (hvort sem þau voru í erlendri mynt eða íslenskum krónum). Hvergi er til, svo vitað sé, flokkun útlána í gengistryggð lán og krónulán með útreiknuðum afföllum við yfirlýsuna í hvorum flokki fyrir sig. Húsnæðislán eru talin tryggari en önnur útlán. Það gefur því augaleið að verðgildi þeirra var hlutfallslega hærra en meðaltalið sem áður er lýst, en í útlánasafninu voru meðal annars stór útlán til eignarhaldsfélaga þar sem meta varð afskriftarþörfina 100%, þ.e. að ekkert fengist upp í lánið.

10. Rétt er að geta þess að húsnæðislán Kaupþings voru ekki yfirlýsð til Arion banka í október 2008 þar sem þau voru þá veðsett Seðlabanka Íslands. Um þau lán var því ekki fjallað í nefndum samningum. Um kaup/yfirlýsingu á þeim útlánasöfnum var samið síðar eins og nýlega hefur komið fram í fjölmiðlum.

Ekki er í þessu samhengi tekin nein afstaða til hins svokallaða svigrúms bankanna við skuldaafskriftir húsnæðislána. Samningarnir sem gerðir voru höfðu enda engin lagaleg áhrif á stöðu skuldara eða bankanna sem lánveitenda. Nauðsynlegt er hins vegar að umræðan um skuldaafskriftir þessar sé á réttum forsendum.
